



Framkvæmda- fréttir 1. tbl. /19



Reykjavegur (355) í Bláskógabyggð. Niðurstöður útboðs endurbyggingar eru á bls.4-5.

Frá Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar

Hér á eftir er gerð örstutt grein fyrir efni tveggja rannsóknarskýrslna. Finna má allar skýrslur á www.vegagerdin.is undir *Upplýsingar og útgáfa / Rannsóknaskýrslur*.

Öryggi farþega í hóp bifreiðum

(Framhald rannsóknar frá 2013). VSÓ ráðgöf, september 2018

Í skýrslu um fyrra verkefnið sem kom út í júní 2013 er greint frá athugunum á öryggi standandi farþega í hóp bifreiðum út frá tölfraedi slysa hérlendis, en einnig voru skoðaðar skýrslur og greinar erlendis frá þar sem umferðaröryggi er greint út frá tölfraedi slysa eftir mismunandi ferðamátum. Í skýrslunni frá 2013 er út frá þessu ályktað að öruggara sé að sitja í hóp bifreiðum heldur en standa, en einnig var ályktað að öruggara væri að standa í hóp bifreið en að sitja í fólksbifreið.

Sú rannsókn sem hér er greint frá byggir á grunni þeirrar frá 2013 og er tilgangurinn að nýta gögn sem hefur verið safnað til að rannsaka þetta nánar fyrir íslenskar aðstæður. Skoðuð voru gögn frá Strætó bs. og slysa gögn frá Samgöngustofu.

Út frá gögnum Strætó bs. (fyrir árið 2017) er hægt að sjá hversu margir farþegar eru í hverjum vagni hvert sinn og bera það saman við sætafjölda í viðkomandi vagni. Út frá því má meta hvort einhverjir farþegar hafi þurft að standa. Fram kemur að það er mjög sjaldgæft að farþegar standi í vögnum utan höfuðborgarsvæðisins. Það kemur þó fyrir í viku hverri að farþegar standi milli Mosfellsbæjar og Grundarhverfis, en það er vegur með hámarkshraða 90 km/klst.

Þegar slysa gögn eru skoðuð, kemur í ljós að fjölgun hefur orðið á fjölda alvarlega slasaðra og látinna í hóp bifreiðum, hefur aukist úr tveimur árið 2013 í 15 árið 2017. Fjöldi lítið slasaðra hefur einnig aukist á sama tíma úr 11 í 53. Hins

[Útboðsvefur.is](http://utboodsvefur.is) - Opinber útboð

Vegagerðin auglýsir útboð sín á vefsíðunum [Útboðsvefur.is](http://utboodsvefur.is) og vegagerdin.is en ekki í þessu blaði. Verktakar eru minntir á að fylgjast vel með auglýsingum.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 1. tbl. 27. árg. nr. 691 15. jan. 2019

Ritstjórn og umsjón útgáfu:
Viktor Arnar Ingólfsson
Ábyrgðarmaður:
G. Pétur Matthíasson
Prentun: Oddi

Ösk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
eða með tölvupósti til:
askrift@vegagerdin.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðs-framkvæmdir fyrir verktökum. Listi yfir fyrirhuguð útboð er birtur, greint er frá niðurstöðum útboða og einnig samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka og annarra lesenda. Blaðið kemur út einu sinni í mánuði að jafnaði. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.

vegar kemur einnig fram að ekkert alvarlegt slys varð á farþega í strætisvagni á landsbyggðinni á þessu tímabili. Aukningin í tölu alvarlegra slasaðra og látinna (2 í 15) virðist því bundin við aðrar hóp bifreiðar.

T-vegamót með hjárein Reynsla og samanburður á umferðaröryggi

VSÓ ráðgjöf, október 2018

Hjárein er breiddaraukning á vegi sem er gerð til að umferð á aðalvegi komist hægra megin framhjá umferð sem er í bið eftir að komast í vinstri beygju af aðalveginum. Í þessu verkefni voru íslenskar hönnunarleiðbeiningar við hönnun T-vegamáta með hjárein bornar saman við danskar, sænskar og norskar leiðbeiningar. Þá voru skoðuð 27 vegamót með hjárein og umferð, hönnun, umferðarmerki, yfirborðsmerkingar og slysatíðni þeirra greind. Til samanburðar voru skoðuð 12 stefnugreind vegamót.

Fram kemur að samanburður á hönnunarleiðbeiningum sýnir að það er mismunur á milli landa, bæði hvað varðar lengd hjáreina og breidd þeirra. Þá kemur fram að í sænska staðlinum sé þessi lausn fyrir vegi með hámarks hraða 80 km/klst. eða lægri og yrði því ekki samþykkt á þjóðvegum hér, samkvæmt þeim stöðlum, nema hámarks hraði væri lækkaður.


Skoðað var hvort vegamótin 27 uppfylltu viðmið íslensku hönnunarleiðbeininganna. Reyndust 16 þeirra uppfylla bæði leiðbeinandi breidd og lengd. Þá voru umferðarmerki á aðalvegi nokkuð mismunandi og sumstaðar engin skilti. Fram kemur að ekki eru neinar yfirborðsmerkingar tiltekna í hönnunarleiðbeiningunum, en á öllum vegamótum sem skoðuð voru, var máluð hálfbotin kantlína milli akreina. Bent er á að í handbók um yfirborðsmerkingar kemur fram að



sú lína gefi til kynna að varhugavert sé að aka yfir hana og óheimilt nema með sérstakri varúð.

Slysgreining stefnugreindra vegamáta og vegamáta með hjárein sýndi að í fyrri tilvikinu var óhappa og slysatíðni á bilinu 0,0-0,6 óhöpp eða slys á hverja milljón ökutækja sem ekið er um vegamótin og á bilinu 0,0-0,9 fyrir vegamót með hjárein. Hlutfall slysatíðni 0,3 eða meira er þó hærra á stefnugreindum vegamótum. Niðurstaða greiningarinnar bendir því til að almennt verði alvarlegri slys á stefnugreindum vegamótum.

Í verkefninu var sérstaklega kannað, með vettvangsferðum, hvort bílum væri lagt í hjáreina. Af 148 vettvangsferðum milli Selfoss og Reykjavíkur reyndist bílum vera lagt í 6 skipti á hjárein, en bent er á að hugsanlega sé það algengara þar sem umferð er minni en á þessum kafla. ■



Leiðbeinandi grunnmynd Vegagerðarinnar af vegamótum með hjárein.

Niðurstöður útboða

Húsavík, sjóvörn undir bökkum 2018 18-114

Tilboð opnuð 4. desember 2018. Endurbýgging og styrking sjóvarnar á um 370 m kafla.

Helstu magnþölur eru:

Útlögn grjóts og sprengds kjarna	4.200 m ³
Endurröðun grjóts	1.800 m ³

Verkinu skal lokið eigi síðar en 30. júní 2019.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
2 Ístrúkkur ehf. og Steinsteypir ehf., Kópaskeri	47.323.548	125,0	1.873
1 Grjótver ehf., Hnífsdal	45.450.100	120,1	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	37.856.500	100,0	-7.594

Skorradalsvegur (508), Vatnsendahlíð – Dagverðarnes (hraðútboð) 18-032

Tilboð opnuð 20. desember 2018. Endurbýgging 3,7 km kafla Skorradalsvegur frá Vatnsendahlíð að Dagverðarnesi, ásamt útlögn klæðingar.

Helstu magnþölur eru:

Bergskeringar	3.600 m ³
Fyllingar og fláafleygar	40.500 m ³
Styrktarlag	14.300 m ³
Burðarlag	4.250 m ³
Tvöföld klæðing	25.500 m ²
Ræsalögn	460 m

Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 1. september 2020.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
4 Íslandsgámar ehf., Akranesi	288.425.200	185,0	160,845
--- Áætlaður verktakakostnaður	155.910.765	100,0	28,330
3 Þjótandi ehf., Hellu	144.532.000	92,7	16,952
2 Borgarverk ehf., Borgarnesi	133.941.000	85,9	6,361
1 Þróttur ehf., Akranesi	127.580.300	81,8	0



Nýr Herjólfur í þurrkví 30. nóvember 2018. Prentvillan á hliðinni er ekki alvarleg en nokkuð stór.




Nýr Herjólfur við bryggju 7. desember 2018. Prentvillan hefur verið leiðrétt.



Dýrafjarðargöng, staða framkvæmda 7. janúar 2019. Búið er að sprengja samtals 4.103 m.


Heildarlengd ganga í bergi 5,3 km, vegskálar ekki meðtaldir.



Reykjavegur (355),
sjá niðurstöður útboðs



Núverandi brú á Fullsæl á Reykjavegi.



Niðurstöður útboða

Reykjavegur (355), Biskupstungna- braut – Laugarvatnsvegur 18-117

Tilboð opnuð 8. janúar 2019. Breikkun og endurgerð Reykjavegur (355) í Bláskógarbyggð ásamt byggingu nýrrar 20 m langrar eftirspenntrar brúar yfir Fullsæl. Lengd kaflans auk tengivega er 8 km. Innifalið í verkinu er einnig efnisvinnsla í námum, ræsalögn, girðingarvinna og útlögn klæðingar.

Helstu magnþölur í vegagerð eru:

Skeringar	145.000 m ³
þar af bergskeringar	63.400 m ³
Fyllingar	57.400 m ³
Fláafleygar	21.000 m ³
Lenging og endurlögn ræsa	443 m
Styrktarlag	40.300 m ³
Burðarlag	24.600 m ³
Tvöföld klæðing	68.000 m ²

Helstu magnþölur í brúargerð eru:



Steyppustyrktarjárn	62.330 kg
Mótafetir	1.183 m ²
Steypa	555 m ³
Kaplar 12 x 16 mm	4.090 kg

Áfangi 1 í verkinu (3,5 km fullgerður vegur) skal ljúka fyrir 1. september 2019. Verkinu skal vera að fullu lokið 1. september 2020.




Reykjavegur (355),
sjá niðurstöður útboðs

Reykjavegur (355),
ný brú á Fullsæl



nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
6	Magnús Jónsson ehf., Selfossi	998,410,100	165.0	462,999
5	Mjólnir, vörubifreiðastjórafélag, Selfossi	679,335,000	112.3	143,924
4	Suðurverk hf., Kópavogi	623,067,000	103.0	87,656
---	Áætlaður verktakakostnaður	605,000,000	100.0	69,589
3	Borgarverk ehf., Borgarnesi	577,750,000	95.5	42,339
2	Þjóandi ehf., Hellu	575,222,294	95.1	39,811
1	Borgarvirki ehf. og GT verktakar ehf., Hafnarfirði	535,410,950	88.5	0



Djúpvegur (61) í Seyðisfirði. Núverandi vegur hefur ekki fulla breidd og því er nú ráðist í umfangsmiklar endurbætur.

Niðurstöður útboða

Djúpvegur (61): Leiti – Eyri 18-031


Tilboð opnuð 11. desember 2018. Endurbætur á um 7 km kafla Djúpvegur í Hestfirði og Seyðisfirði.

Helstu magnþölur eru:

Fyllingar	121.400 m ³
Bergskeringar	83.500 m ³
Styrktarlag	35.370 m ³
Burðarlag	13.170 m ³
Tvöföld klæðing	50.620 m ²
Frágangur fláa	144.500 m ²
Grjótvörn	6.630 m ³
Ræsalögn	681 m

Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 1. september 2020.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
4	Borgarverk ehf., Borgarnesi	583.000.000	113,4	134.761
---	Áætlaður verktakakostnaður	513.891.792	100,0	65.652
3	Þróttur ehf., Akranesi	510.220.720	99,3	61.981
2	Þotan ehf., Bolungarvík	498.849.295	97,1	50.610
1	Suðurverk hf., Kópavogi	448.239.294	87,2	0



Stuttur kafli úr kynningarskýrslu sem hægt er á sjá á vefnum:

<http://www.vegagerdin.is/framkvæmdir/umhverfismat/kynningargogn/djupvegur-61-leiti-eyri-og-um-hattardalsa-i-sudavikurhreppi>

Nýr og endurbyggður Djúpvegur í Hestfirði og Seyðisfirði verður 7 km langur, og miðast upphaf framkvæmdakaflans við stöð 9700 í Hestfirði. Hann mun fylgja núverandi vegi í fyrstu en við Nóná, milli stöðva 10300-11000, mun veglínan færast lítillega upp fyrir núverandi veg vegna lagfæringa á planlegu. Yfir Eiðið liggur vegurinn í núverandi vegstæði en til að draga úr hæð og halla hans er nokkuð stór skering vestan í Eiðinu, og stór fylling í framhaldi af henni, þar sem vegurinn liggur niður í Seyðisfjörð. Í botni Seyðisfjarðar, milli stöðva 11700-12200, færast veglínan ofar í landið vegna lagfæringar á

planlegu vegarins í vestanverðum fjarðarbotninum. Því eru töluverðar fyllingar og skeringar á því svæði. Frá botni Seyðisfjarðar, eða frá stöð 12200, og til norðurs eftir vestanverðum firðinum er um endurbyggingu á núverandi vegi að ræða. Þar sem endurbyggður vegur er hærri og breiðari en núverandi vegur eru skeringar og fyllingar víða meðfram honum, háð landslagi. Við stöð 14000 vikur veglínan niður fyrir núverandi veg og liggur á nýju vegsvæði meðfram sjónum að stöð 15200 við Grjótdalsá. Frá Grjótdalsá og að útboðsenda við stöð 16700 er um endurbyggingu á núverandi vegi að ræða. Ekki er um neina vegstyttingu Djúpvegur að ræða frá því sem nú er. Vegurinn er hannaður skv. staðli fyrir vegtegund C8, þ.e. með 7,0 m breiðri akbraut og 0,5 m breiðum öxlum. Klæðing verður 7,8 m breið. ■

Niðurstöður útboða

Hringvegur (1), Biskupstungnabraut – Hveragerði, 1. áfangi - Eftirlit 18-113

Tilboð opnuð 2. janúar 2019. Vegagerðin óskaði eftir tilboðum í eftirlit fyrir fyrsta hluta breikkunar Hringvegur ásamt gerð nýrra gatnamóta við Vallaveg og Ölfusborgaveg. Heildarlengd kaflans er um 2,5 km. Til framkvæmdanna telst einnig gerð nýrra hliðarvega sem tengjast nýjum vegamótum, annars vegar Ölfusvegur frá Ölfusborgavegi að Hvammsvegi og hins vegar Ásnesvegi frá Vallavegi að Ásnesi. Inni í verkinu er einnig breikkun brúar yfir Varmá og undirgöng austan Varmár fyrir gangandi og riðandi. Einnig eru innifaldar breytingar á lagnakerfum veitufyrirtækja sem og nýlagnir og landmótun auk annarra þátta sem nauðsynlegir eru til að ljúka verkinu.

Val bjóðanda fer fram á grundvelli hæfnisvals og verðs og bar bjóðendum að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, þ.e. upplýsingar um hæfni bjóðanda og verðtilboð.

Á fyrri opunarfundi 18. desember 2018 var lesið upp hverjir skiluðu inn tilboðum. Á síðari opunarfundi, 2. janúar 2019, var lesin upp stigagjöf bjóðenda í hæfnismati og verðtilboð hæfna bjóðenda opnuð. Allir bjóðendur uppfylltu kröfur í hæfnismati.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
4 Verkfræðistofan Hnit hf., Reykjavík	39,928,000	114.1	12,213
--- Áætlaður verktakakostnaður	35,000,000	100.0	7,285
3 Efla hf. verkfræðistofa, Reykjavík	29,760,062	85.0	2,045
2 VSÓ ráðgjöf ehf., Reykjavík	28,289,000	80.8	574
1 Verkís hf., Reykjavík	27,715,060	79.2	0

Landeyjahöfn - Dredging February 2019 18-127

Tilboð opnuð 3. janúar 2018.

Helstu magnþölur:

Dýpkun..... 100.000 m³

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
3 Jan De Nul n.v. á Íslandi*	219,760,000	169.0	85,010
2 Rohde Nilsen, Kaupmannahöfn*	172,839,240	133.0	38,089
1 Björgun ehf., Reykjavík	134,750,000	103.7	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	130,000,000	100.0	-4,750

*Tilboð Jan De Jul var í evrum (€1.640.000) og tilboð Rohde Nilsen í dönskum krónum (DKK 9.630.000). Í töflunni hafa tilboðsfjárhæðir verið færðar í íslenskar krónur á sölugengi SÍ á opunardeggi.

Skriðdals- og Breiðdalsvegur (95), brú á Breiðdalsá 18-115

Tilboð opnuð 4. desember 2018. Smíði nýrrar brúar á Breiðdalsá ásamt vegtengingu hennar. Brúin er 14 m löng í einu hafi. Landstöplar brúarinnar eru steptir, grundaðir á steiptum staurum og yfirbygging er úr stálbitum með steypu gólfi. Nýr vegur beggja megin brúar fylgir alveg núverandi vegi og er 400 m langur.

Verkinu er skipt í tvo verkhluta og helstu magnþölur eru:


Verkhluti 1 – Vegagerð	
Fyllingar úr skeringum	2.200 m ³
Fyllingar úr námum	2.300 m ³
Ræsagerð	30 m
Styrktarlag	1.440 m ³
Burðarlag	170 m ³
Rofvarnir	500 m ³
Verkhluti 2 – Brú á Breiðdalsá	
Grjótvörn	290 m ³
Gröftur	1.000 m ³
Staurar	28 stk.
Mótafletir	528 m ²
Steypustyrktarstál	15,43 tonn
Steypa	170 m ³
Forsteypar plötur	13 stk.
Uppsetning stálbita	10,6 tonn

Hjáleið og gerð aðstöðu til niðurrekstrar staura skal lokið 15. apríl 2019. Verkinu skal að fullu lokið 1. september 2019.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
1 Þ.S. verktakar ehf., Egilsstöðum	91.306.979	151,8	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	60.155.000	100,0	-31.152



Skriðdals- og Breiðdalsvegur (95). Núverandi brú á Breiðdalsá hjá Þorgrimsstöðum var byggð 1968 og er orðin léleg. Ný brú verður tvíbreið.



Styrkir til rannsóknaverkefna 2019

Frestur til að skila umsóknum rennur út á miðnætti að kvöldi miðvikudagsins 30. janúar 2019.

Vegagerðin veitir árlega styrki til rannsóknaverkefna og geta aðilar innan og utan stofnunarinnar sótt um fjárframlög til rannsóknaverkefna. Rannsóknarráð stofnunarinnar sér um úthlutun styrkja.

Rannsóknnum Vegagerðarinnar er skipt í fjóra megin flokka: Mannvirki; Umferð; Umhverfi; Samfélag. Áherslur Vegagerðarinnar fyrir þessa flokka taka almennt mið af hlutverki rannsókna stofnunarinnar sem er m.a. að stuðla að því að hún geti uppfyllt þau markmið sem henni eru sett á hverjum tíma, sem og að afla nýrrar þekkingar á starfssviði hennar. Almennt má nefna að varðandi mannvirki er enn lögð áhersla á rannsóknir tengdar öllum gerðum slitlaga og því sem eykur gæði þeirra og endingu. Umferðaröryggismál almennt eru svo ávallt í brennidepli og varðandi umhverfismál er áhersla á sjálfbæra þróun og betri nýtingu auðlinda. Einnig má benda á að í tillögu að 5 ára samgönguáætlun, (þingskjal 173 á 149. löggjafarþingi 2018-2019, <https://www.althingi.is/altxt/149/s/0173.html>) segir:

„Rannsóknasjóður Vegagerðarinnar styrkir rannsóknir á sviði vegtækni og samgangna. Miðað er við að rannsóknasjóðurinn styrki verkefni í samræmi við áherslur samgönguáætlunar“ (blaðsíða 57 í pdf-skjali). Í sama skjali eru skilgreind markmið og má gjarnan vísa til þeirra í umsóknum ef verkast vill (sjá kafla 4 í þingskjalinu).

Í rannsóknastefnu Vegagerðarinnar kemur fram að eitt af markmiðum sjóðsins er að stuðla að nýliðun innan fagsviða sem tengjast starfsemi Vegagerðarinnar, með samstarfið við háskólastofnanir. Þess vegna eru umsóknir frá háskólum með þátttöku nemenda í verkefnum boðnar velkomar, en þó er rétt að benda á slíkar umsóknir munu ekki njóta forgangs og verða afgreiddar með öðrum umsóknum.

Við skilgreiningar rannsóknaverkefna skal í upphafi áætla hverjir koma til með að nota niðurstöður úr verkefnunum og gefa þeim tækifæri á að koma að mótun verkefnisins og

innleiðingu niðurstaðna ef þurfa þykir. Þá er einnig bent á að mikilvægt er að kanna heimildir um fyrri rannsóknir, sem hugsanlega hafa verið gerðar, tengdar viðkomandi umsókn um verkefnastyrk.

Vegagerðin er í samstarfi við systurstofnanir sínar á Norðurlöndunum um rannsóknir. Því má gjarnan velja fyrir sér hvort verkefnahugmynd hafi norræna skírskotun, þ.e. er líklegt að það sem fjalla á um í verkefninu sé einnig áhugavert fyrir hin Norðurlöndin? Það má gjarnan koma fram í umsókninni, en ekki er gerð krafa um það.

Umsækjendur þurfa að fylla út rafrænt umsóknareyðublað, sem nálgast má á „mínun síðum“ á vef Vegagerðarinnar (minarsidur.vegagerdin.is). Frestur til að skila umsóknum rennur út að kvöldi 30. janúar 2019.

Bent er á að við mat á umsóknum verður tekið tillit til atriða sem fram koma í eftirfarandi töflu. Þá er lögð áhersla á að leiðbeiningum í umsóknaformi sé fylgt og vafaatriði vegna skorts á upplýsingum geta fallið umsókn í óhag.

Upplýsingar um verkefni sem fá fjárveitingu verða birtar á vef Vegagerðarinnar. ■

Markmiðasetning (Excellence)

Hve skýr eru markmiðin, eru forsendur þeirra rökréttar?

Hve raunhæf, trúverðug og markviss er aðferðafræðin?

Er rannsóknarspurningin í takt við stöðu þekkingar í dag?

Munu niðurstöður bæta einhverju við stöðu þekkingar sem um munar?

Áhrif (Impact)

Að hve miklu leyti styður verkefnið og niðurstöður þess við markmið sjóðsins?

Hversu líklegar eru niðurstöðurnar til að gagnast Vegagerðinni?

Framkvæmd (Implementation)

Hve vænleg er framkvæmdaáætlun, eru aðföng og vinnuafli nægjanleg m.t.t. þess sem gera skal, þ.m.t. hæfni þátttakenda?

Ríkis áhætta um framkvæmdina, er gerð grein fyrir því hvernig tekið er á henni?

Þá . . .



. . . og nú



Hringvegur (1), brú yfir Ölfusá hjá Selfossi. Eldri myndin er úr safni Geirs G. Zoëga tekin þegar brúin er nýbyggð, líklega 1946. Turnar eldri brúar standa enn. Yngri myndin var tekin síðdegis 14. september 2018.



Nýja Vegagerðin tók til starfa 1. júlí 2013. Í lögum nr. 120 frá 2012 um Vegagerðina, framkvæmdastofnun samgöngumála, segir í 2. gr.: „Vegagerðin skal árlega birta skýrslu um starfsemi sína.“ Skýrslan fyrir árið 2017 kom út í desember 2018.

Hana má sjá á vegagerdin.is undir *upplýsingar og útgáfa*. Einnig er hægt að panta pappírseintak með því að senda tölvupóst á: askrift@vegagerdin.is.

Skýrslur fyrir árin 2013, 2014, 2015 og 2016 eru einnig fáanlegar á pappír. ■



Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaraust. Það eru auglýsingar útboða á Útboðsvefur.is sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboða í númerakerfi framkvæmdaedeildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
19-003 Hringvegur (1) um Ölfusá - sandblástur og málun grindar	2019
19-004 Reykjanesbraut (41), vegamót við Hafnarfjarðarveg	2019
19-005 Grafningsvegur efri (360), Úlfjótsvatn – Hagavík	2019
19-006 Skeiða- og Hrunamannavegur (30), Einholtsgvegur – Biskupstungnabraut	2019
19-007 Krýsuvíkurvegur (42) um Vatnsskarð	2019
19-008 Laugarvatnsvegur (37), Biskupstungnabraut – Þóróddsstaðir	2019
19-009 Snæfellsnesvegur (94) um Skógarströnd	2019
19-010 Strandavegur (643), Litla-Kleif í Norðurfirði	2019
19-011 Grímarstaðavegur (5371), Hvanneyri – Hvítárvallabrú	2019
19-012 Mófellsstaðavegur (507), Borgarfjarðarbraut – Hreppslaug	2019
19-013 Akranes, Breiðin - sjónvörn	2019
19-014 Grindavík - sjóvarnir 2019	2019
19-015 Seltjarnarnes - sjóvarnir 2019	2019
19-016 Dalvíkurbyggð - sjóvarnir 2019	2019
19-017 Ólafsvík - lenging Norðurgarðs	2019
19-018 Vatnsnesvegur (711) um Tjarnará	2019
19-019 Dettifossvegur (862), Hólmatungur – Ásheiði	2019
19-020 Norðausturvegur 85, Finnafjörður – Bakkafjörður	2019
19-021 Yfirlagnir á Suðursvæði 2019, klæðing	2019
19-022 Yfirlagnir á Vestursvæði 2019, klæðing	2019
19-023 Yfirlagnir á Norðursvæði 2019, klæðing	2019
19-024 Yfirlagnir á Austursvæði 2019, klæðing	2019
19-025 Hjólaraufyllingar og axlaviðgerðir, Suðursvæði og Austursvæði 2019	2019
19-026 Hjólaraufyllingar og axlaviðgerðir, Vestursvæði og Norðursvæði 2019	2019
19-027 Yfirlagnir á Vestursvæði og Norðursvæði 2019, blettanir með klæðingu	2019
19-028 Yfirlagnir á Suðursvæði malbik 2019	2019
19-029 Yfirlagnir á Suðursvæði og Vestursvæði 2019, malbik	2019
19-030 Yfirlagnir á Norðursvæði og Austursvæði 2019, malbik	2019
19-031 Yfirlagnir á Suðursvæði og Vestursvæði 2019, repave-fræsun og malbik	2019
19-032 Yfirlagnir þjóðvega 2019, malbik	2019
Auglýst útboð	Auglýst: Opnað:
19-002 Fjarðabyggð - Eskifjörður, Netagerðarbyggja, þekja 2019	07.01.19 31.01.19
19-001 Grundarfjörður - lenging Norðurgarðs, sjófylling 2019	04.01.19 22.01.19

Útboð á samningaborði	Auglýst: Opnað:
18-117 Reykjavegur (355), Biskupstungnabraut – Laugarvatnsvegur	10.12.18 08.01.19
18-127 Landeyjahöfn Dredging February 2019	14.12.18 03.01.19
18-032 Skorradalsvegur (508), Vatnsendahlíð – Dagverðarnes	10.12.18 20.12.18
18-116 Akureyri – Tangabryggja lenging til suðurs 2019	03.12.18 18.12.18
18-113 Hringvegur (1), Biskupstungnabraut – Hveragerði, 1. áfangi - eftirlit	14.11.18 18.12.18
18-031 Djúpvvegur (61), Leiti – Eyri	26.11.18 11.12.18
18-114 Húsavík, sjóvarnir undir bökkum 2018	19.11.18 04.12.18
18-115 Skriðdals- og Breiðdalsvegur (95), brú á Breiðdalsá	19.11.18 04.12.18
18-100 Snæfellsbær, Arnarstapi, dýpkun	23.07.18 14.08.18
Samningum lokið	Opnað: Samið:
18-109 Snæfellsbær, sjóvarnir 2018 <i>Griótverk ehf. kt. 470396-3349</i>	02.10.18 06.11.18
18-089 Skagaströnd - flotbryggjur <i>Króli ehf. kt. 470396-3349</i>	26.06.18 16.11.18
18-095 Hringvegur (1), Biskupstungnabraut – Hveragerði, 1. áfangi Gjúfurholtsá – Varmá <i>Íslenskir aðalverktakar hf. kt. 660169-2379</i>	13.11.18 11.12.18
18-091 Sauðárkrúkur - dýpkun 2018 <i>Jan de Nul, Belgíu</i>	10.07.18 14.08.18
18-112 Álfanes, sjóvarnir 2018 <i>Óskaverk ehf. kt. 500506-2530</i>	16.10.18 22.11.18
18-065 Varnargarður í Jökulsá á Fjöllum við Skjálftavatn í Kelduhverfi <i>P.S. verktakar ehf. kt. 410200-3250</i>	02.10.18 23.10.18
18-106 Laugarvatnsvegur (37), Þóróddsstaðir – Grafará <i>Mjólnir vörubílstjórastélag, kt. 470269-2869</i>	18.09.18 27.11.18
18-103 Laxárdalsvegur (59-02): Gröf – Lambeyrar <i>Borgarverk ehf. kt. 540674-0279</i>	28.08.18 28.09.18
18-033 Snæfellsnesvegur (54) um Fróðarheiði, Valavatn – Útnesvegur <i>Borgarverk ehf. kt. 540674-0279</i>	20.11.18 07.12.18
Öllum tilboðum hafnað	Auglýst: Opnað:
18-024 Vatnsnesvegur (711) um Tjarnará	30.07.18 21.08.18
Útboð felld af lista	
16-088 Langavatnsvegur (553), Hringvegur – Þjónustuhús lðu	